

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness vegna miðsvæðis við Dalbraut.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. nóvember 2017 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. október 2017.

Í breytingunni felst stækkun miðsvæðis M4 til norðurs um 0,75 ha (verður 3,05 ha) og minnkar svæði blandaðrar landnotkunar S8/V6/A7 að sama skapi. Á svæðinu er gert ráð fyrir miðbæjarstarfsemi í bland við 190-265 íbúðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Skipulagsstofnun, 10. nóvember 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2017